

# Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 07 - 2021

*Fundurinn var haldinn á Teams*

*Tími: Mánudagur 13. sept 2021 kl. 13:00-15:00*

*Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Jóhannes Sveinbjörnsson, Jón Kristófer Arnarson, Halldór Þorgeirsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir og Torfi Jóhannesson.*

**1. Fundargerð síðasta fundar** var samþykkt.

**2. Greinargerð um störf undanliðins starfsárs.** Farið var yfir helstu verkefni í tímaröð.

**3. Starfsáætlun háskólaráðs** fyrir nýhafið skólaár var tekin til umræðu. Áætlunin er tímasett eftir mánuðum, þetta er upplegg sem haft er til hliðsjónar og verður bætt við það eftir þörfum. Halldór lagði áherslu á mikilvægi þess að háskólaráð sé vakandi fyrir því að taka til umfjöllunar mál sem eru ofarlega á baugi í samfélaginu og hjá hagaðilum hverju sinni. Torfi ræddi um að mikilvægt væri að nota kerfisbundna nálgun á mati á árangri í starfi skólans hverju sinni út frá fjölbreyttum mælikvörðum. Almenn umræða varð um verkefni ráðsins og hlutverk. Torfi þurfti að víkja af fundi eftir þennan lið.

**4. Loftslagsstefna LBHÍ.** Farið var yfir stöðu mála varðandi vinnu að loftslagsstefnu skólans og kynnt tillaga nemenda í Háskóla Íslands varðandi loftslagsstefnuna. Halldór ræddi ýmis tækifæri sem skólinn hefur varðandi landnotkun og það að vera til fyrirmyndar í þeim efnum og fleirum sem tengjast loftslagsmálum. Samþætting fjölþættra landnotkunarmarkmiða í búrekstri og tilraunastarfsemi LBHÍ þarf að vera með því besta sem gerist svo nemendur komist í snertingu við jákvæða framtíðarsýn hvað þetta varðar í námi sínu. Einnig er mikilvægt að taka heildstætt á vatnsbúskap ræktarlands skólans og samþætta eins og kostur er gott viðhald á mýratúnum sem eru í fullri nýtingu sem slík annars vegar og endurheimt votlendis hins vegar.

**5. Starfsmenntanám í garðyrkju – staða yfirlæris.** Óánægja er með hvernig til hefur tekist með framkvæmdir á Reykjum – fundur verður með Framkvæmdasýslu ríkisins nú í vikunni.

Framhaldsnámsskrifstofa Menntamálaráðuneytisins vinnur með FSu að yfirlæris námsins sem stefnt er að því að verði að veruleika haustið 2022. Jón Kristófer nefndi að enginn starfsmaður á Reykjum hefði nýlega farið í nám til öflunar kennsluréttinda sbr. síðustu fundargerð þar sem það virðist engum réttindum skila nema fyrir þá sem eru iðnmeistarar. Hann lýsti jafnframt óánægju sinni með að ekkert samráð væri við starfsmenn á Reykjum varðandi yfirlæris starfsmenntanámsins til FSu. Rektor benti á að ítrekað hefði verið boðið upp á fundi um málið á Reykjum. Einnig var rætt um framtíð starfsnámsins og mikilvægi þess að framkvæmdir á Reykjum verði unnar út frá framtíðar þörfum þess þrátt fyrir tilfærslu milli stofnana.

**6. Haustfagnaður starfsmanna** – hlöðuball verður haldið 30. sept og er háskólaráð boðið velkomið.

**7. Mál til kynningar.**

a. Brunaúttekt var gerð á Hvanneyri í síðustu viku og nokkrar alvarlegar athugasemdir voru gerðar – sem þarf að bæta úr. Loka þarf gistingu í Gamla skóla. Gluggar eru of þröngir - en byggingin er friðuð svo þetta er nokkuð flókið mál.

b. Fjárfestingar – jarðræktarmiðstöð og Mið-Fossar. Fjármálaráðuneytið styður það að Korpa verði látin ganga uppí Mið-Fossa og fjárfestingu í Jarðræktarmiðstöð. Ekki liggur þó fyrir hvort þetta verði að veruleika fyrir kosningar.

c. Ýmsir samningar hafa verið gerðir nýlega: samningur við Umhverfissráðuneyti vegna búnaðar til að mæla iðragerjun, samningur við ANR um mótun fæðuöryggisstefnu, samningur við sláturhúsið í Borgarnesi og fleira.

Fundi slitið kl. 14.55